

<b>Dags. fundar:</b> 3. nóvember 2014	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 45
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson.	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. ÍM25.
2. Dómari ársins.
3. Smáþjóðaleikar 2015.
4. Handbók um framkvæmd móta.
5. Erindi frá Ægi – símenntun dómara á RIG.
6. Önnur mál.
  - a. Lágmarkamót Reykjavíkurfélaga.
  - b. Atburðardagatal 2015-2016.

**Viðstaddir:** Ólafur Baldursson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

**Boðaði forföll:** Jón Hjaltason.

**Dagskrá:**

1. ÍM25 verður haldið í Ásvallalaug 14.-16. nóvember n.k. Búið er að senda út fyrstu beiðni um dómara á mótið. Jón Hjaltason mun útbúa kennisþjöld fyrir dómara sem þeir munu ýmist bera í bandi um hálsinn eða næla í sig. Hann sér um uppröðun starfsmanna á mótinu.
2. Mættir nefndarmeðlimir leggja til að hætt verði vali á dómara ársins. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar undanfarin ár en að mati mætttra hefur engin leið gefist vel auk þess sem að mati mætttra hefur aldrei verið nógu ljóst eftir hverju á að velja dómara ársins.
3. Skráningar til dómgæslu á Smáþjóðaleikana fara mjög vel af stað. Ennþá vantar herslumuninn til að allir hlutir séu fullmannaðar en svör þurfa að vera frá undirbúningsnefndinni áður en lengra er haldið, t.d. hvað eru margir mótshlutar, klukkan hvað eru mótshlutarnir, er í lagi að dómara vinni eingöngu einn hluta o.fl. o.fl. Fylgst verður með fundum undirbúningsnefndarinnar og mun Ólafur Baldursson koma þessum spurningum til þeirrar nefndar.
4. Fyrir u.þ.b. ári hófst yfirllestur á skjali sem heitir handbók um framkvæmd móta. Nefndin ásamt félögum áttu að skila tillögum um úrbætur. Nú telur nefndin nauðsynlegt að ljúka þessari vinnu en í haust hefur borið á vanþekkingu í mótahaldi hjá einstaka félaga. Fyrst og fremst er það bundið við skil á mótagögnum en aðrir þættir í mótahaldi t.d. mönnun móta svo mótið standist kröfur og met sett á viðkomandi móti séu gild, virðist ekki vera öllum mótahöldurum ljós.

5. Borist hefur erindi frá Ægi þar sem óskað var eftir tillögum nefndarinnar á fyrirlestri sem áætlaður er á RIG sem haldið verður í janúar. Til stendur að Andrea Thielenhaus frá Lúxemburg verði meðal yfirdómara á mótinu og er hún tilbúin til að halda símenntunarerindi. Nefndin leggur til að Andrea fjalli fyrst og fremst um mótahald, nefndin telur ekki vanþörf á að um móthald verði fjallað, sérstaklega þar sem Smáþjóðaleikarnir eru „handan hornsins“. Ólafur Baldursson er jafnvel tilbúinn að vera Andreu innan handar þar sem hann hefur nokkrum sinnum staðið dómgæslu á stærri mótum en hér eru yfirleitt haldin.
  
6. a. Lágmarkamót Reykjavíkufélaga sem haldið var 1. nóvember s.l. var ekki á atburðardagatali SSÍ. Hefur ekki verið rætt að mót þar sem keppendur eru að ná lágmarkum á inn á önnur mót eigi ekki að halda nema búið sé að fá leyfi fyrir þeim með **réttum** fyrirvara, að þau séu skráð inn á atburðardagatal SSÍ og að önnur mót séu ekki á sama tíma? Skv. atburðardagatali SSÍ er eina skráða mótið Haustmót ÍRB en einnig var Íslandsmót fatlaðra í 25 m laug haldið 1. nóvember.  
  
b. Mælt er til þess að vinna við atburðardagatal næsta sundárs, 2015-2016 fari af stað sem fyrst og SSÍ og ÍF mótin verði dagsett sem fyrst þannig að félög setji sín mót ekki á sömu helgar.

**Fundi slitið** kl: 18.30. **Næsti fundur:** mánudaginn 1. desember, kl. 17.15 í Laugardalslaug.